

# Jafnréttisstefna Landsvirkjunar

Landsvirkjun er í fararbroddi sem vinnustaður og eftirsóttur fyrir hæfasta starfsfólk hverju sinni. Mannauður fyrirtækisins er lykillinn að árangri þess og velgengni. Því er sífellt kappkostað að standa vörð um þekkingu, færni og vellíðan starfsfólks.

## Jafnréttisstefna Landsvirkjunar

Landsvirkjun stuðlar að jafnrétti og vinnur eftir meðfylgjandi jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun jafnréttismála, samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 96/2000. Í slíkri áætlun þarf samkvæmt lögum að fjalla um launajafnrétti, laus störf, starfsþjálfun og endurmenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og kynferðislega áreitni. Stjórnendur Landsvirkjunar skulu fylgja jafnréttisstefnu fyrirtækisins og vinna að auknu jafnrétti innan þess.

- #1 Karlar og konur sem starfa hjá Landsvirkjun fá greidd sömu laun og sömu kjör fyrir sömu störf.**
- #2 Allir eiga jafna möguleika til starfa hjá Landsvirkjun, óháð kyni.**
- #3 Stjórnendur Landsvirkjunar vinna markvisst að því að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum innan fyrirtækisins og að jafna kynjahlutföll innan fyrirtækisins.**
- #4 Allir starfsmenn, sama hvaða störfum þeir gegna hjá Landsvirkjun, eiga jafna möguleika til endurmenntunar, símenntunar og þeirrar starfsþjálfunar sem þeir þarfnast til að auka færni sína í starfi. Allir starfsmenn eiga möguleika á stöðuhækkunum í þau lausu störf sem eru fyrir hendi hverju sinni.**
- #5 Stjórnendur skulu skipuleggja störf og verkefni þannig að starfsmenn geti sem best samræmt vinnu og einkalíf.**
- #6 Einelti, fordómar og kynbundin eða kynferðisleg áreitni eru ekki liðin innan Landsvirkjunar.**
- #7 Stjórnendur og starfsfólk Landsvirkjunar vinna að því að útrýma kynbundnum störfum innan fyrirtækisins, þannig skulu engin störf vera flokkuð sem karla- eða kvennastörf.**

Jafnréttisnefnd, sem skipuð er af forstjóra til tveggja ára í senn, ber ábyrgð á framgangi jafnréttismála innan Landsvirkjunar. Nefndin hefur umsjón með árlegri endurskoðun jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlunar í jafnréttismálum. Framkvæmd aðgerðaráætlunar er á ábyrgð stjórnenda og starfsmannasviðs. Jafnréttisnefnd veitir starfsmannasviði og stjórnendum aðhald í vinnu þeirra við áætlunina þannig að farið sé eftir markmiðum hennar.